
FUNDARGERÐ

Fundur: 100. fundur Starfshóps um rekstrartruflanir.
Fundartími: Fimmtudagur 26. apríl 2012, kl. 13:00-15:30
Fundarstaður: EFLA, Höfðabakki 9
Fundarefni: 1) Staða skráningar.
2) Stuðlar ársins 2011, gögn til Orkustofnunar.
3) ENTSOE gögn (áður Nordel gögn).
4) Skýrsla: Kostnaður vegna raforkuskorts. Tölur til notkunar árin 2011 og 2012.
5) Skráningarkerfi, ný útgáfa kynnt
6) Önnur mál.

Á fundinn mættu:

START: Ragnar Stefánsson, Landsnet
Rúnar Svavar Svavarsson, Orkuveita Reykjavíkur
Ragnar Emilsson, Orkubú Vestfjarða
Egill Sigmundsson, HS Veitur
Erla Björk Þorgeirsdóttir, Orkustofnun
Kjartan Rolf Árnason, RARIK
Gunnar Haukur Gunnarsson, Norðurorka

EFLA: Ingvar Baldursson
Kolbrún Reinholdsdóttir
Jón Vilhjálmsson

Landsnet: Páll Magnússon

Fjarverandi: Sigfús Guðlaugsson, Rafveita Reyðarfjarðar

100 fundur START hópsins.

- 1) Skráning truflana er í hefðbundnum farvegi hjá veitunum. Landsnet skráir skýrslur jafnóðum. PM nefndi að tíunda hvers mánaðar er sjálfvirk keyrsla þar sem upplýsingar úr rekstrartruflanagrunni eru notaðar. RE upplýsti að í nýja skráningarkerfi hjá OV hafa skýrslur þrjár stöður, það er í vinnslu, skráningu lokið og skýrsla yfirfarin. Sá sem fer yfir skýrslu skráir hana ekki.

JV nefndi að Landsnet gefur út árlega frammistöðuskýrslu, sem nýtir meðal annars upplýsingar um rekstrartruflanir. KRÁ, RARIK gerir það einnig.

- 2) KR fór yfir skýrslu „Stuðlar um afhendingu raforku. Árin 2002-2011“. Í mynd I er tölfraeði vegna HS Veitna eru dreifiveitusvæði Vestmannaeyja og Árborg ekki tekin með, í öðrum myndum og töflum skýrslunnar eru svæðin tekin með í tölfraeði HS Veitna.

KRÁ spurði hvort tölur miðast við 3ja mínúta truflana. JV, í alþjóðlegum tölum er truflunum sem eru innan við þrjár mínútur oft sleppt. Í kafla 4 í skýrslunni eru reiknaðir sérstaklega stuðlar fyrir truflanir lengri en 3 mínútur.

Farið yfir niðurstöður s.s. stuðlana SRA, SSO, SMS, KM2 og KM3.

- 3) Nordel er komið undir ENTSOE. KR fór yfir stuðla sem eru sendir til ENTSOE. JV sýndi tengingu við vefsíðu ENTSOE.
- 4) JV fór yfir skýrslu „Kostnaður vegna raforkuskorts. Tölur til notkunar árin 2011 og 2012“. Sýndi meðal annars að kostnaður samfélagsins, á verðlagi hvers árs, er nokkuð stöðugt. Áliðnaður hefur mesta kostnað.

KRÁ, það gefur villandi mynd að 3 viðskiptavinir sem nota um 80 % af orkunni. JV, birta þarf töflu með og án stóriðju.

PM, áhugi Landsnets er að grunngögn séu uppfærð. EBP benti á breytingar á lögum, rætt er um bætur vegna straumleysis. Eftir er að gefa út reglugerð.

Í umræði kom fram að stjórnvöld þyrftu að gæta meðalhófs varðandi bætur. JV greindi frá að Landsnet væri að setja upplýsingar um kostnað í grunninn hjá sér og kæmi þá fram kostnaður við einstakar truflanir.

KRÁ, hæpið er að taka matskenda stærð sem grundvöll vegna bóta. JV, þetta er eðlileg leið til þess að meta kostnað.

JV spurði hvort uppfæra ætti kafla um samanburð við önnur lönd. Niðurstaða er að gera það. Uppfærð skýrsla verður send fundarmönnum til yfirlstrar.

Gagnrýnt var að sýna samanburð á kostnaði miðað við 8 tíma straumleysi þar sem í þeim tilvikum sem straumleysi varir svo lengi eru álverin komin í mjög slæm mál og kostnaður þeirra er mun hærri pr. einingu fyrir 8 tíma straumleysi en t.d. 1 klst.

- 5) IB kynnti nýja útgáfu skráningarkerfis. Helstu breytingar eru að bætt hefur við dagatal við skráningu truflana, umsýsla á starfsmannatöflu, hægt verður að afmarka lista skýrslna og að hægt verður að setja inn kostnað vegna skort og sýna kostnað truflunar. Verður tilbúin í maí. Vefútgáfa hefur ekki verið uppfærð.
- 6) Önnur mál.
- a) Áreiðanleiki raflína og jarðstrengja. IB nefndi hvort vinna ætti upplýsingar úr truflanagrunni um þessi atriði. Umræða var um þetta atriði. Flestir jarðstrengir eru í dreifikerfinu.
- b) PM þakkaði samstarfið þar sem líklegast væri þetta síðasti fundur hans í START hópnum. Fundarmenn þökkðu Páli fyrir samstarfið.

Fleira ekki gert. Næsti fundur er fyrirhugaður 25. október 2012.

Ingvar Baldursson

Dreift var fyrir fundinn:

- Skýrsla: „Stuðlar um afhendingu raforku. Árin 2002-2011“
- Skýrsla: „Kostnaður vegna raforkuskorts. Tölur til notkunar árin 2011 og 2012“

Dreift var á fundinum:

Sýnt var en ekki dreift:

- Tölur vegna ENTSOE.

Verkefni:

Umsjón	Verkefni
JV	Uppfæra kafla 5. Samanburður við önnur lönd í skýrslunni „Kostnaður vegna raforkuskorts. Tölur til notkunar árin 2011 og 2012“. Senda skýrslu á fundarmenn.
IB	Senda skýrslu „Stuðlar um afhendingu raforku. Árin 2002-2011“ á hópinn.